

## Fundargerð

24. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn í A-sal Íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal, þriðjudaginn 3. september 2019.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Samþykkt rafrænt erindi milli funda, engin. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

### 2. Hlaupaverkefnið

Rætt um framhald verkefnisins. Rætt um utanumhald, mótaskráningu, afrekaskrá og dómaramál svo og FRÍ-vottun. Formanni og starfshóp falið að vinna að verkefninu á milli funda.

### 3. Mótaskrá 2020

Formaður mótanefndar gerði grein fyrir vinnu við mótaskrá 2020. Umræður. Tekið undir tillögu um að meistarmótið yrði flutt til á ólympíuári fram til 27.-28. júní. Ákveðið að birta drög að mótaskrá 2020 sem fyrst á vefnum.

### 4. Fjárhagsmál – Uppgjör og áætlanir – Ársreikningur FRÍ ehf.

Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu og samantekt vegna árshlutauppgjörs. Rætt um skuldastöðu aðildarfélaga. Umræður. Vísað til næsta fundar. Áritun á ársreikning FRÍ ehf.

### 5. Verkefnaáætlun

Rætt um áframhaldandi verkefni á stjórnarborðinu. Formaður gerir grein fyrir stöðu.

### 6. Önnur mál

a. Tilkynnt að Hanna Margrét Hrafnkelsdóttir væri ekki lengur í starfsmannateymi FRÍ, eftir góðan 3ja mánaða starfstíma. Hönnu Margréti óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi.

b. Áskorun – Fjölþraut. Formaður gerði grein fyrir áskorun um að FRÍ beiti sér fyrir auknum verkefnum á alþjóðavísu er varðar fjölþraut. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir umræðu á Norðurlandavettvangi. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu með starfshópi um fjölþrautarverkefni.

c. Íþróttasjóður. Rætt um umsóknir. Varaformaður gerir grein fyrir hugmyndum.

d. Styrkumsókn – Öldungaráðstefna. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu á jákvæðan hátt í samræmi við almennar vinnureglur og fjárhagsáætlun.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 17:55 með því að varaformaður stakk upp á að sungin yrðu jólalög í september.*

*Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.*